

Lýðræðismenntun – virkir nemendur

INNGANGUR

Á vordögum 2011 kom út ný aðalnámskrá fyrir leik- grunn- og framhaldsskóla. Aðalnámskrá er byggð á lögum um leikskóla (nr. 90/2008), grunnskóla (nr. 91/2008) og framhaldsskóla (nr. 92/2008). Hún er rammi um skólastarfið á þessum skólastigum og leiðsögn um tilgang og markmið. Í aðalnámskránum birtist heildarsýn á menntun og þar er sú menntastefna sem felst í lögnum nánar útfærð. Það má segja að aðalnámskrá sé samningur þjóðarinnar við sjálfa sig um menntamál. Í þessari aðalnámskrá er að finna nýjar áherslur samanborið við þær fyrri. Í fyrsta skipti er nú að finna sameiginlegan hluta fyrir öll skólastigin þrjú en þar er fjallað um stefnumið menntakerfisins, um almenna menntun og markmið skólakerfisins, um grunnþætti menntunar og um mat á skólastarfi.

Sex grunnþættir í íslenskri menntun eru *læsi, sjálfbærni, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti, heilbrigði og velferð og sköpun*. Grunnþáttunum eru gerð skil í almennum hluta aðalnámskránna en einnig í ritröð um grunnþætti menntunar þar sem hver þáttur er tekinn fyrir í sérhefti. Í þessum pistli er til umfjöllunar heftið *Lýðræði og mannréttindi*. Markmið greinarinnar er að gera grein fyrir inntaki heftisins. Stiklað verður á stóru um aðalþemun í bókinni og lagt út af textanum með skólastarf í huga. Höfundar heftisins eru Ólafur Páll Jónsson og Þóra Björg Sigurðardóttir. Það eru mennta- og menningar- málaráðuneytið og Námsgagnastofnun sem gefa ritröðina út.

UM BÓKINA

Þemaheftinu *Lýðræði og mannréttindi* er skipt í sextán stutta kafla sem fjalla hver um sig um ákveðna þætti lýðræðisuppeldis og menntunar. Heftið í heild er um sextíu blaðsíður en höfundar nýta yfir sjötíu heimildir í vinnu sinni við bókina. Ritið er sett fram með nokkuð heimspekilegum hætti þar sem höfundar setja oftast en ekki fram ólíkar hliðar á málum og þurfa lesendur að mynda sér skoðanir og velta fyrir sér afstöðu sinni um leið og lestur fer fram. Einnig hjálpar þessi framsetning kennurum að nota gagnrýna hugsun í kennslu og setja fram ólík sjónarhorn sem öll eiga rétt á sér og fyrirfinnast í fjölbreytilegu litrófi samfélaga.

Kaflar bókarinnar eru allir nokkuð sjálfstæðir og byggðir upp á ólíkan hátt. Í hverjum kafla eru innslög í lituðum römmum. Þar er að finna verkefni sem tengjast innihaldi bókarinnar, ljóð, tilvitnanir í önnur rit eða annað sem hægt er að grípa til í kennslu og vinnu við lýðræðisuppeldi af öllu tagi.

Heftið er áhugavekjandi og grípandi að flestu leyti. Þó hefði farið betur á að hafa letur örlítið stærra og aðeins minni texta á hverri síðu. Þar sem miklu efni er þjappað saman í stuttan hnitmiðaðan texta skortir stundum á samhengi milli kafla og tvítekn-ingar er að finna í ritinu. Eins er að finna skörun við aðra grunnþætti, eins og jafnrétti og sjálfbærni, en það skapast af nánnum tengslum þessara grunnþátta, sem erfitt getur reynst að aðgreina, jafnframt því að höfundum mun hafa verið ætlað að sýna að grunnþættirnir væru ekki stakir staurar heldur samofnir hver öðrum.

HVAÐ ER LÝÐRÆÐI?

Til að efla lýðræðishugsun og hafa í heiðri lýðræðisleg gildi í skólum landsins þarf að vera skýrt í hugum fólks hvað lýðræði er. Í lýðræði taka einstaklingar afstöðu til siðferðilegra álitamála og virkan þátt í mótun samfélagsins. Borgarar lýðræðisríkis þurfa að búa við mannréttindi og ráða öllum meiriháttar málum sínum sameiginlega. Forsendan er samábyrgð, meðvitund og virkni borgaranna. Skólar þurfa að taka mið af því að barna og ungmenna bíður þátttaka í lýðræðissamfélagi og benda höfundar því á hversu mikilvægt það er að þau læri til lýðræðis með því að læra um lýðræði í lýðræði. En á móti kemur sú staðreynd að lýðræði sem stjórnskipulag og samfélagsgerð á sér ekki nema mjög takmarkaða samsvörun í daglegum starfsháttum í skólum. Í skólum er ekki að finna samfélag jafningja í þeim skilningi því kennarinn er ekki jafningi nemenda. Langanir og óskir nemenda hafa ekki nema takmarkað vægi, hvort sem um er að ræða daglegt starf eða langtímamarkmið. Ólafur Páll og Þóra Björg benda á að af þessum sökum sé ekki ljóst í hvaða skilningi starfshættir í skóla geta talist lýðræðislegir (sjá 2. kafla, bls. 9). Þessar efasemdir draga þó ekki úr nauðsyn þess að börn og ungmenni séu alin upp í lýðræðishugsjónum og athygli vakin á mikilvægi þess að gera lýðræðisuppeldi að markmiði innan skólanna. Síðan þarf hver skóli að finna leiðir að þeim markmiðum.

Nemendalýðræði er hugtak sem hefur verið áberandi í skólaumræðu undanfarinna ára. Þá er átt við þann þátt lýðræðisuppeldis í skólum sem viðkemur formlegu skipulagi og stjórnsýslu. Það er til að mynda þátttaka nemenda í nefndum og ráðum innan skólanna. Þessi hluti lýðræðisuppeldisins er góður og gildur og gefur nemandaröddinni tækifæri til að heyrast en þó með miklum takmörkunum. Ólafur Páll og Þóra Björg benda á að nemendalýðræði í þessum skilningi hafi lítið að gera með lífið í skólanum, sem að langmestu leyti fer fram í kennslustundum þar sem unnið er eftir ákveðinni námskrá og kennarinn ræður mestu um samskipti og vinnulag (sjá 2. kafla, bls. 10).

TVENNS KONAR HUGMYNDIR UM LÝÐRÆÐI

Stundum er litið á lýðræði sem einhvers konar frjálsa samkeppni meðal fólks sem tekst á við ólíkar skoðanir. Þá má líta á það sem hlutverk skólanna að undirbúa nemendur fyrir þátttöku í samkeppni á frjálsum markaði ásamt því að upplýsa þá um réttindi og skyldur og grundvallarreglur í samfélagi. Til er annars konar hugmynd um lýðræði. Hún gerir ráð fyrir að lýðræði snúist um samstarf og samveru frekar en samkeppni. Þar skiptir máli hvernig fólk lifir og starfar saman og tekst á við ólíkar skoðanir og ólík sjónarmið. Ágreining sem rís í skóla er hægt að nýta sem lærdómstækifæri. Alltaf blasa einhver vandamál við í lýðræðislegu samfélagi og eins koma oft upp álitamál og rís upp ágreiningur í skólum. Kennari sem vinnur með hóp ólíkra nemenda, hvort heldur er í leik-, grunn- eða framhaldsskóla, þarf að vera fær í að leysa úr ágreiningi. Oft og tíðum er ágreiningur leystur með því að vitna í skólareglur eða viðteknar venjur. „Svona eru reglurnar hér“, og vald kennarans ræður ríkjum. Freistandi er fyrir kennara í tímaleysi og hraða augnabliksins að afgreiða ágreining með þeim hætti og margoft er ekki annað til umræðu. Farsælla og meira í lýðræðisanda er að hlusta á það sem nemendur hafa fram að færa, leyfa þeim að rökstyðja mál sitt, velta upp lausnum og velja að lokum lausn, hvort sem það er gert með lýðræðislegri kosningu hópsins eða með því að vitna í reglur sem fyrir eru.

Í heftinu er að finna dæmi um hvernig hægt er að vinna með ágreiningsefni í kennslustundum. Tekið er hið sígilda dæmi um húfur innandyra en það hefur oft og tíðum verið ágreiningsefni nemenda og kennara. Ólafur Páll og Þóra Björg benda á að lausn ágreinings verði að bera með sér þá afstöðu að ágreiningur sé ekki ógnandi, óþægilegur eða tímasóun að fást við hann. Setja þarf ágreiningsefnið í forgrunn frekar en þá einstaklinga sem eiga í hlut. Hina lýðræðislegu leið að lausn ágreinings telja höfundar felast í því að fagna ágreiningi og líta á hann sem leið til að nálgast fólk á nýjan hátt og læra nýja hluti (sjá 11. kafla, bls. 44).

MIKILVÆGI SAMRÆÐUNNAR

Hugmyndin um lýðræði í skólum er síður en svo einföld og alls ekki er fullljóst hvað felst í kröfunni um lýðræðislegt skólastarf. En kennurum er uppálagt að vinna með lýðræðishugsjónina bæði sem markmið og sem viðmið um verklag. Ein leiðin sem kennarinn hefur er að leggja áherslu á samræður, bæði sem aðferð í kennslu og sem markmið skólastarfsins. Að sjálfsgöðu fara samræður fram í flestum kennslustundum en oftast er ekki byggist kennslan þó á einræðu frekar en samræðum. Kennarinn miðlar til nemenda sem spyrja út í þau atriði sem þeir skilja ekki. Valdahlutföllin eru skýr, kennarinn er sá sem veit og það er hans hlutverk að miðla þekkingu. Nemandinn er sá sem ekki veit og tekur við þekkingunni.

Til eru ýmsar kennsluáðferðir sem byggjast á samræðu jafningja og þekkingarleit og hafa þær verið þróaðar af skólafólki úr ólíkum áttum. Heimspeki með börnum er ein þeirra, þar sem rökræða er kennd sem gagnleg leið til að læra. Kennarar þurfa að vera færir um að nýta slíkar kennsluáðferðir til að virkja kraft samræðunnar í skóla-

stofunni. Einkenni góðs samræðusamfélags er ákveðin umhyggja, að sýna sjálfum sér og öðrum virðingu. Þar ríkir skapandi hugsun þar sem tekin eru dæmi og ný sjónarhorn sett fram. Samvinna er höfð að leiðarljósi, allir fá að tala og allir hlusta og gagnrýnin hugsun ríkir. Ólafur Páll og Þóra Björg taka það fram að kennarinn þurfi að setja sig í nýjar stellingar, komast út úr miðlunarhlutverki sínu og vera reiðubúinn að læra með nemendum sínum og treysta þeim til að beita eigin dómgreind. Áhugi nemenda, spurningar þeirra og þekkingarleit á að stýra námi nemendanna (sjá 4. kafla, bls. 15).

MANNRÉTTINDI Í SKÓLASTARFI

Hugtakið *mannréttindi* hefur varla komið fyrir í íslenskum lögum um skóla eða í aðalnámskrám leik-, grunn- og framhaldsskóla ólíkt flestum löndum þar sem áhersla er á lýðræðisuppeldi í skólum. Í ljósi þessarar staðreyndar velta höfundar upp þeim spurningum hvort nauðsynlegt sé að lýðræði og mannréttindi fari saman, hvert hlutverk mannréttinda sé í lýðræðissamfélagi og hvort mannréttindi eigi sérstakt erindi í skólastarf. Erfitt er að hugsa sér lýðræðislegt samfélag sem ekki virðir mannréttindi. Ólafur Páll og Þóra Björg benda á að mannréttindi og lýðræði þurfi ekki endilega að fara saman þar sem til eru aðrar samfélagsgerðir en lýðræðissamfélög þar sem mannréttindi eru virt (sjá 5. kafla, bls. 17–18). Mannréttindi hljóti þó að eiga erindi inn í skólastarf þar sem mannréttindi séu eitt af því fjölmarga sem fólk þurfi að þekkja til að geta skilið heiminn í kringum sig og verið meðvitað um sína eigin afstöðu og annarra. En þau segja líka að þessu væri hægt að svara neitandi og segja að skólastarf á Íslandi þurfi ekki og eigi ekki að snúast um mannréttindi þar sem skólar eigi að stuðla að menntun og velferð nemenda. Einnig tengist mannréttindi gjarnan pólitískum málum og það sé ekki hlutverk skólanna að taka þátt í pólitískri umræðu.

Mikilvægt er að mannréttindaþættinum sé haldið inni í skólakerfinu. Með hnattvæðingunni og aukinni fjölmenningu verður skólakerfið að taka þátt í að sinna fræðslu um mannréttindamál. Það þarf að upplýsa börn og ungmenni um grundvallarmannréttindi allra, til að mynda með fræðslu um Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Til að geta sett sig inn í umræðu um mannréttindabrot sem framin eru víða um heim og afleiðingar þeirra þarf fólk að vita hvað mannréttindi eru. Einnig er mikilvægt að þekkja til mannréttinda til að geta tekið þátt í umræðu um skyldur og ábyrgð stjórnvalda.

LÝÐRÆÐISMENNTUN

Lýðræðisuppeldi og lýðræðismenntun snýst um að virkja nemendur. Að manneskjan finni að hún er gerandi í eigin lífi, hún geti haft skoðanir og að á hana sé hlustað. Höfundar velta fyrir sér frestunarhlutverki framhaldsskólanna í þessu samhengi: Að vera í skóla til að fylla upp í lausan tíma án þess að námið hafi tilgang. Vitnað er í orð Rudolfs Steiner (1985) sem sagði að menn ættu ekki að spyrja hvað manneskja þurfi að vita og vera fær um að gera fyrir þjóðfélagið heldur yfir hvaða hæfileikum hver manneskja búi og hvernig hún geti þróað þá. Þá fyrst geti komandi kynslóðir fært

þjóðfélaginu nýja krafta. Sjálfsmyndin sé ekki lengur skilgreind út frá ætt og uppruna og félagslegri stöðu eins og áður var. Nú ráðist hún miklu frekar af persónulegum hæfileikum, lífssögu og framtíðaráformum. Ólafur Páll og Þóra Björg benda á að menntun verður að vera lífsmenntun ef hún á að vera virkilega eftirsóknarverð. Guðmundur Finnbogason (1994) orðar þetta svo að menntun geti ekki verið fólgin í einhliða æfingu vissra krafta, hún verði að efla manneðlið í heild sinni og koma á samræmi milli allra líkams- og sálarafra mannsins.

Mikilvægt er að láta lýðræðishugsjónir umlykja allt skólastarf. Lýðræði snýst ekki um sigra heldur þátttöku. Það snýst ekki um samkeppni heldur um samvinnu eins og Ólafur Páll og Þóra Björg benda okkur réttilega á (sjá 7. kafla, bls. 25). Hefti eins og *Lýðræði og mannréttindi* forðar skólafólki frá því að sofna á verðinum. Ungt fólk í dag er vant því að vera matað á staðreyndum og upplýsingum. Skilaboð berast frá netheimum og fjölmiðlum um það hvernig það skuli haga sér, hvað það eigi að segja og gera. Þannig er það steipt í sama mót sem það þorir ekki að stíga úr af ótta við að verða öðruvísi en hinir. Eitt af mörgum hlutverkum skólanna er að horfa á fjölbreytileikann og fagna honum. Að styrkja hvern og einn þar sem hæfileikar liggja hverju sinni. Í heftinu leggja höfundar fram ýmsar góðar leiðir til að ná fram þeim markmiðum: Að hlusta á raddir barna og ungmenna, að nýta mannauðinn, að nýta samræðuformið betur í kennslu, halda nemendalýðræði á lofti og svo mætti lengi telja. Við viljum fá út í þjóðfélagið einstaklinga sem bæði standa á sínum sjálfstæðu skoðunum og geta jafnframt unnið með öðrum. Ákall 21. aldar er áhersla á að efla samskiptahæfni fólks. Fjölbreyttar aðstæður kalla á slíka hæfni, þjóðfélög verða flóknari, fjölþjóðlegri og heimurinn minnkar. Hæfnina þarf að virkja innan fjölskyldunnar, meðal vina og féлага, á starfsvettvangi og með þátttöku fólks í lýðræðissamfélagi sem virkir borgarar (Sigrún Aðalbjarnardóttir, 2007, bls. 35).

Í bók sinni *Skóli – nám – samfélag* fjallar Wolfgang Edelstein meðal annars um skólann sem samfélag og lýðræðishugsjónina í því samhengi. Bókin var fyrst gefin út árið 1988. Hann gagnrýnir viðmiðunartíma sem námsgreinum er ætlað í skólakerfinu og nefnir að „sjálfið“, þ.e. viðbrögð mannsins gagnvart umheiminum og sjálfsþekking, fái engan afmarkaðan tíma innan skólans (Wolfgang Edelstein, 2008, bls. 178). Með nýrri aðalnámskrá, hinum sex grunnþáttum menntunar og ekki síst með þættinum um lýðræði og mannréttindi hefur komið svar við gagnrýni Wolfgangs og svo margra annarra. Skólunum ber að vinna með samskipti og samvinnu, veita lýðræðisuppeldi með því að virkja nemendur og gera þá að gerendum í eigin lífi. Heftið *Lýðræði og mannréttindi* þarf að verða skyldulesning allra kennara og kennaranema. Það er ekki nóg að lesa það einu sinni í gegn og leggja það síðan upp í hillu. Það þarf að hafa það við höndina og glugga í það aftur og aftur til að gleyma ekki þeim tilgangi skólastarfsins að virkja nemendur.

HEIMILDIR

- Guðmundur Finnbogason. (1994). *Lýðmenntun*. Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands. (Upphaflega gefin út 1903.)
- Sigrún Aðalbjarnardóttir. (2007). *Virðing og umhyggja: Ákall 21. aldar*. Reykjavík: Heimskringla, háskólaforlag Máls og menningar.
- Steiner, R. (1985). *The renewal of the social organism*. New York: Anthroposophic Press.
- Wolfgang Edelstein. (2008). *Skóli – nám – samfélag* (2. útgáfa). Reykjavík: Háskólaútgáfan.

UM HÖFUNDINN

Hrund Hlöðversdóttir (hrund@krummi.is) er skólastjóri Hrafnagilsskóla í Eyjafjarðarsveit. Við skólann eru bæði leik- og grunnskóladeildir. Hrund lauk B.Ed.-prófi frá Kennaraháskóla Íslands árið 1997 og M.Ed.-prófi með áherslu á stjórnun menntastofnana frá Háskólanum á Akureyri árið 2011. Meistaraprófsrannsókn hennar fjallaði um skólaþróun.